

# 63. ÁRSPING HSÍ

Laugardalshöll

Miðvikudagur 10. júní 2020





**Handknattleikssamband Íslands**  
Iceland Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
104 Reykjavík  
Sími/Tel: +354 514-4200  
Fax: +354 514-4201  
www.hsi.is hsi@hsi.is  
kt. 590169-4049

# 63. ÁRSPING HSI



**63. ársþing HSI**  
**Laugardalshöll**  
**Miðvikudagur 10. júní 2020**



Til allra aðildarfélaganna HSÍ og allra þeirra aðila sem málið varðar.

### ÁRSPING HSÍ 2020

63. ársþing Handknattleikssambands Íslands verður haldið miðvikudaginn 10. júní 2020 í Laugardalshöll.

Skráning þingfulltrúa hefst miðvikudaginn 10. júní 2020 kl.14:00 og verður þingsetning sama dag kl. 15:00.

Listi yfir þingfulltrúa má finna meðfylgjandi.

Undirrituð kjörbréfi þarf að skila inn við skráningu við komu og má finna það hjálagt.

Bestu kveðjur,

Handknattleikssamband Íslands



## 63. ársþing HSÍ

### Laugardalshöll - miðvikudaginn 10. júní 2020

#### Dagskrá:

kl. 14:00 Skráning þingfulltrúa

kl. 15:00 Þingsetning

1. þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi
2. kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd
3. kosning þingforseta og varaþingforseta
4. kosning þingritara og varaþingritara
5. þinggerð síðasta árs lögð fram
6. ávörp gesta
7. álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt
8. kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins
9. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
10. gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ
11. umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis
12. stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsár
13. tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu
14. teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

kl.: 16:15 Þinghlé

kl. 16.15- 16:45 Þingnefndir starfa

kl. 16.45 Veitingar

kl. 17:00 Þingstörf hefjast

15. álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
16. ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils
17. önnur mál
18. kosning stjórnar
19. kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara
20. kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
21. kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir
22. kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ
23. þingslit



**Fulltrúafjöldi hvers félags:**

**Fulltrúafjöldi annara liða:**

| <b>Félag:</b>                | <b>Fjöldi fulltrúa:</b> | <b>Félag:</b>   | <b>Fjöldi fulltrúa:</b> |
|------------------------------|-------------------------|-----------------|-------------------------|
| Fimleikafélag Hafnafjarðar   | 4                       | HSK             | 1                       |
| Handknattleiksfélag Kópavogs | 4                       | HSV             | 1                       |
| Hörður Ísafirði              | 4                       | HSP             | 1                       |
| ÍBV Íþróttafélag             | 4                       | ÍBA             | 1                       |
| Íþróttafélag Hafnafjarðar    | 1                       | ÍBH             | 1                       |
| Íþróttafélag Reykjavíkur     | 4                       | ÍBR             | 1                       |
| Íþróttafélagið Fylkir        | 4                       | ÍBV             | 1                       |
| Íþróttafélagið Grótta        | 4                       | UMSK            | 1                       |
| Íþróttafélagið Mílan         | 1                       |                 |                         |
| Íþróttafélagið Völsungur     | 1                       |                 |                         |
| Íþróttafélagið Þór           | 3                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélag Akureyrar   | 4                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur | 2                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélagið Fram      | 4                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélagið Haukar    | 4                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélagið Valur     | 4                       | <b>Samtals:</b> | <b>8</b>                |
| Knattspyrnufélagið Víkingur  | 4                       |                 |                         |
| Knattspyrnufélagið Þróttur   | 4                       |                 |                         |
| Umf. Eyrabakka               | 1                       |                 |                         |
| Umf. Selfoss                 | 4                       |                 |                         |
| Umf. Stjarnan                | 4                       |                 |                         |
| Ungmennafélagið Afturelding  | 4                       |                 |                         |
| Ungmennafélagið Fjölnir      | 4                       |                 |                         |
| <b>Samtals:</b>              | <b>77</b>               | <b>Samtals:</b> | <b>85</b>               |



## KJÖRBRÉF

Fulltrúa fyrir: \_\_\_\_\_

(félag)

Aðalfulltrúar:

Varafulltrúar:

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

\_\_\_\_\_  
(Staður og dagsetning)

\_\_\_\_\_  
(Formaður)

Ath Kjörbréfanefndar:

Fjöldi flokka:

Fulltrúafjöldi:

# 63. ÁRSPING HSÍ



**Handknattleikssamband Íslands**  
Iceland Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
104 Reykjavík  
Sími/Tel: +354 514-4200  
Fax: +354 514-4201  
www.hsi.is hsi@hsi.is  
kt. 590169-4049

# 63. ÁRSPING HSI



**Stjórn og nefndir HSI**  
**2019 - 2020**





**STJÓRN HSÍ OG SKIPAN NEFNDA**



### **Stjórn HSÍ**

Guðmundur B. Ólafsson, formaður  
Davíð B. Gíslason, varaformaður  
Arnar Þorkelsson, gjaldkeri

### **Meðstjórnendur:**

Guðríður Guðjónsdóttir  
Jón Viðar Stefánsson  
Kristín Þórðardóttir  
Magnús Karl Daníelsson  
Páll Þórólfsson  
Reynir Stefánsson  
Varastjórn:  
Daði Hafþórsson  
Hlynur Jóhannsson  
Inga Lilja Lárusdóttir

### **Starfsmenn HSÍ**

Anna I. Jónsdóttir  
Alfreð Örn Finnsson  
Gunnar Magnússon  
Kjartan Vído Ólafsson  
Magnús Kári Jónsson  
Róbert Geir Gíslason

### **Landsliðsþjálfarar**

Guðmundur Þ. Guðmundsson, A-karla  
Arnar Pétursson, A-kvenna  
Einar Andri Einarsson, U-20 ka  
Sigursteinn Arndal, U-20 ka  
Heimir Ríkarðsson, U-18 ka  
Guðmundur Helgi Pálsson, U-18 ka  
Halldór Jóhann Sigfússon, U-16 ka  
Kári Garðarsson, U-16 ka  
Díana Guðjónsdóttir, U-18 kv  
Magnús Stefánsson, U-18 kv  
Árni Stefán Guðjónsson, U-16 kv  
Rakel Dögg Bragadóttir, U-16 kv

### **Dómstóll HSÍ**

Grímur Sigurðsson, form.  
Bjarki Þór Sveinsson  
Sigurður Smári Hilmarsson  
Varamenn:  
Ágúst Sindri Karlsson  
Bergþóra Sigmundsdóttir  
Guðmundur Þór Jónsson

### **Áfrýjunardómstóll HSÍ**

Gunnar Jónsson  
Jóhannes Albert Sævarsson  
Þorsteinn Einarsson  
Varamenn  
Benedikt Bogason  
Guðjón Marteinnsson  
Þorsteinn Einarsson

### **Aganefnd HSÍ**

Sverrir Pálmason, formaður  
Arnar Kormákur Friðriksson  
Arnar Þór Sæþórsson  
Vala Valtýsdóttir, varamaður

### **Búninganefnd HSÍ**

Guðni Jónsson  
Sverrir Reynisson  
Þorbjörg Jóh. Gunnarsdóttir

### **Dómaranefnd HSÍ**

Reynir Stefánsson, formaður  
Gísli Hlynur Jóhannsson  
Kristín Aðalsteinsdóttir  
Kristján Gaukur Kristjánsson



**Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ**  
Magnús Karl Daníelsson, formaður  
Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson

**Heiðursmerkjanefnd HSÍ**  
Guðmundur B. Ólafsson  
Helga Magnúsdóttir

**Laganefnd HSÍ**  
Davíð B. Gíslason, formaður  
Guðmundur Þór Jónsson  
Helga Þórðardóttir  
Kristín Einarsdóttir

**Landsliðsnefnd karla**  
Páll Þórólfsson, formaður  
Gunnar Andrússon  
Markús Máni Michaelsson

**Landsliðsnefnd kvenna**  
Guðríður Guðjónsdóttir, formaður  
Ásta Björk Sveinsdóttir  
Brynja Ingimarsdóttir  
Halldóra Ingvarsdóttir  
Margrét Theódórsdóttir

**Læknanefnd HSÍ**  
Brynjólfur Jónsson, formaður  
Elís Þór Rafnsson  
Jóhann Róbertsson  
Jón Birgir Guðmundsson  
Pétur Gunnarsson  
Örnólfur Valdimarsson

**Mótanefnd HSÍ**  
Kristín Þórðardóttir, formaður  
Ágúst Karl Karlsson  
Hjalti Þór Hreinsson  
Pálmi Harðarson  
Þórarinn Þórarinsson

**Móttökunefnd HSÍ**  
Jóhannes Runólfsson  
Rögvaldur Jónatansson  
Sverrir Reynisson

**Strandhandboltanefnd**  
Haraldur Daði Hafþórsson, formaður  
Daníel Berg Grétarsson  
Hannes Sigurðsson  
Haraldur Þorvarðarson



**Handknattleikssamband Íslands**  
Iceland Handball Federation

Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
104 Reykjavík  
Sími/Tel: +354 514-4200  
Fax: +354 514-4201  
www.hsi.is hsi@hsi.is  
kt. 590169-4049

# 63. ÁRSPING HSÍ



## Skýrsla stjórnar HSÍ Þingskjal 1

63. ársþing HSÍ  
Laugardalshöll  
Miðvikudagur 10. júní 2020



## Skýrsla stjórnar HSÍ

62. ársþing HSÍ val haldið í Laugardalshöll laugardaginn 6. apríl 2019.

Fjórar breytingar urðu á stjórn HSÍ en úr stjórn fóru Hjalti Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson en í þeirra stað voru kosin Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Jón Viðar Stefánsson og Páll Þórólfsson.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 16 formlega fundi en þar fyrir utan voru haldnir 3 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir um málefni hreyfingarinnar, s.s markaðsmál, Olís deildina, Coca Cola bikarinn, málefni yngri flokka, Covid-19 og komandi ársþing sambandsins.

Rekstur skrifstofu hefur gengið vel. Þrátt fyrir aðhald í rekstri þá er öllum þáttum rekstursins vel sinnt. Mótahald er í föstum skorðum og vel hefur gengið í markaðsmálum. Þó svo að ekki sé mann margt á skrifstofu sambandsins þá vinna allir vel saman og mynda góða liðsheild og sinna öllum verkefnum þrátt fyrir mikið álag inn á milli. Er starfsmönnum þökkuð góð störf.

Óhætt er að fullyrða að Covid-19 veiran hafi haft mikil áhrif á allt starf innan handboltans frá því í byrjun mars. Stuttu áður en deildarkeppninni lauk um miðjan mars var allri keppni frestað ótímabundið. Þegar ljóst varð að keppni gæti ekki hafist að nýju fyrr en í fyrsta lagi í lok maí og þar með að ekki væri unnt að ljúka keppni fyrr en í lok júní var ákveðið að hætta allri keppni. Hægt er að fullyrða að nær öll lið hafi verið sátt við þá ákvörðun. Á grundvelli heimildar í lögum HSÍ var tekin sú ákvörðun að láta stöðu í deildum gilda sem loka niðurstöðu móta. Efstu lið voru því krýnd deildarmeistarar og neðstu liðin féllu um deild. Var sú ákvörðun einnig óumdeild enda ljóst hvaða lið myndu falla. Engir íslandsmeistarar voru því krýndir þar sem sú keppni er í raun sér keppni að lokinni deildarkeppni. Í yngri flokkum var sá háttur hafður á að þau lið sem tryggt höfðu sér íslandsmeistaratitilinn voru krýndir Íslandsmeistarar.

Aðrar þjóðir í Evrópu tóku flest allar samskonar ákvarðanir. Öllum alþjóðakeppnum var hætt eða frestað og var það miður þar sem karlalíð Vals hafði staðið sig vel í Challenge cup. Öllum landsliðskeppnum var einnig frestað og hætt var við umspilsleiki vegna HM sem áttu að vera við Sviss og komust við beint áfram í lokamótið í Egyptalandi sem haldið verður í janúar 2021.

Covid-19 veiran hafði mikil áhrif á allt íþróttastarf og kom einkum illa við okkur þar sem við vorum að hefja loka umferðir og úrslitakeppni. Félögin urðu því af miklum tekjum sem þau fá ekki bætt nema að litlu leyti. Stjórnvöld ákváðu að leggja íþróttahreyfingunni til fjármagn vegna þessa og er það vel þó skaðinn verði aldrei að fullu bættur. Einnig var erfitt að horfa upp á að umfjöllun um handbolta sem fær mikið pláss á þessum árstíma í fjölmiðlum varð engin. Ljóst var að almenningur saknaði íþróttanna og í ljós kom hve mikið rými íþróttir fá í samfélagi okkar.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst í menntun þjálfara í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Stór áfangi náðist í því verkefni í febrúar en þá útskrifuðust 23 þjálfarar úr EHF Mastercoach sem var í fyrsta skipti haldið hér á landi. Í tengslum við námið unnu þessir þjálfarar að lokaverkefni sem mun koma að endurskipulagningu á 1. - 3. stigi í þjálfaranámi sem nú hefur verið fært í fjarnám. Það



auðveldar alla skipulagningu og gerir fleiri þjálfurum fært að sækja sitt nám. Næsta skref er að koma á reglum um menntun þeirra þjálfara sem starfa í meistaraflokkum.

Umræða um þjóðarhöll heldur áfram og á árinu var skipuð nefnd af mennta- og menningarmálaráðherra sem gera átti úttekt á þörf, stærð og staðsetningu þjóðarleikvangs. Þess er að vænta að niðurstaða nefndarinnar og áhugi núverandi ráðherra vekir vonir um að nú styttest í byggingu þjóðarleikvangs fyrir inni íþróttir.

Við stöndum nú að mörgu leyti á tímamótum. Ástandið í samfélaginu og þau efnahagslegu áföll sem við stöndum frammi fyrir hafa beint sjónum okkar að rekstri íþróttafélaga. Flestir hafa áttað sig á því að félögin hafa verið að spenna bogann of hátt og nú þegar það liggur fyrir að tekjur muni dragast saman þá þarf að draga úr kostnaði. Allir þurfa að líta í eigin barm og marka sér stefnu um hvernig félag þeir vilji reka og hvað er best fyrir félagsmennina og iðkendurna án þess að draga úr metnaði. Einnig þurfum við að huga að því hvernig við getum aukið ásókn á leiki og umfjöllun um handbolta. Hér eiga allir að líta sér nær og nýta það besta sem nágrannalönd okkar eru að gera.

Þá þurfum við að standa saman gagnvart stjórnvöldum til að finna leiðir til styrkja okkar starf ýmist með beinum framlögum sem og öðrum leiðum s.s. skattaávilnunum gagnvart þeim sem tilbúnir eru að starfa með íþróttahreyfingunni.

Við stöndum einnig frammi fyrir mörgum áskorunum. Handbolta er víða í sókn bæði innan Evrópu og í mörgum öðrum löndum. Það kallar á að við verðum að styðja vel við okkar sérstöðu svo við getum staðið í fremstu röð. Við þurfum að vera markvissari í útbreiðslu bæði á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðum svo og á landsbyggðinni með það að markmiði að fjölga liðum. Einnig er ein af þessum áskorunum sú staðreynd að iðkendum fækkar einkum í hópi ungra stúlkna. Við þurfum að fjölga í þeim hópi þar sem brottfallið er ávallt mikið er nær dregur unglingsaldri. Við þurfum að horfa til þess að auka fjölbreytileika í æfingum til að laða að fleiri iðkendur og fá þá til að upplifa ánægjuna við að iðka handbolta. Við verðum að vera víðsýn í þessu ætlunarverki okkar.

Þrátt fyrir þessi orð er framtíðin björt og gott starf innan félaga skilar góðu starfi á alþjóðavísu.

## **A landslið karla og kvenna**

Strákarnir okkar tóku þátt á EM í janúar og komust í milliriðil í fyrsta skipti síðan 2014 eftir frábæran sigur á Dönum í riðlakeppninni. Liðið vann góða sigra í mótinu en að sama skapi töpuðust líka leikir, liðið er ennþá mjög ungt og vantar stöðugleika sem kemur með tíð og tíma.

Axel Stefánsson lét að störfum sl. sumar og tók Arnar Pétursson við hans starfi sem þjálfari A landsliðs kvenna. Við viljum þakka fráfarandi þjálfara fyrir vel unnin störf, Axel hefur verið hvers manns hugljúfi í starfi og frábært að vinna með honum. Fyrsta verkefni Arnars var af stærri gerðinni og fengu stelpurnar skell í Króatíu gegn heimakonum en eftir það hefur leiðin legið uppá við og eru miklar vonir bundnar við liðið næstu ár.

## **Yngri landslið**



Sl. sumar var það stærsta í sögu HSÍ þegar kemur að yngri landsliðum, alls fóru liðin í 10 ferðir bæði á lokamót eða undirbúningsmót/vínáttulandsleiki. U-21 og U-19 ára landslið karla fóru á HM og náðu ágætum árangri (U-21 í 13. sæti og U-19 í 8. sæti) en U-17 karla fór bæði á Opna Evrópumótið (3.sæti) og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (5.sæti). U-19 og U-17 ára landslið kvenna fóru á EM en bæði lið spiluðu í B deild, U-19 endaði í 5. sæti en U-17 lenti í 2. sæti eftir tap úrslitaleiknum í með minnsta mun í vítakeppni.

### Íslandsmót - OLÍS og Grill66 deildirnar

Eins og undanfarin ár er OLÍS samstarfsaðili HSÍ þegar kemur að Íslandsmótunum í meistaraflokki.

Í Olísdeild karla léku 12 lið tvöfalda umferð en í Olísdeild kvenna léku 8 lið þrefalda umferð. Deildarkeppnirnar voru spennandi og skemmtilegar í allan vetur og leit út fyrir að úrslitakeppnin myndi verða frábær en eins og alþjóð veit varð lítið úr henni vegna Covid-19 ástandsins, fyrst var deildunum frestað þann 13. mars og þær svo slegnar af 6. apríl. Ákvörðun stjórnar var að þáverandi staða myndi vera endanleg, krýndir yrðu deildarmeistarar en ekkert lið Íslandsmeistari. Valur er því deildarmeistari í Olísdeild karla og Fram deildarmeistari í Olísdeild kvenna.

Næstefstu deildirnar voru líka slegnar af, í Grill66 deild karla hafði Þór Akureyri þegar tryggt sér deildarmeistaratitil en Gróttta fylgir þeim upp í Olísdeild á næsta ári. Í Grill66 deild kvenna hafði FRAM u tryggt sér deildarmeistaratitil en FH endaði í 2. sæti og tryggði sér þannig sæti í Olísdeild kvenna á næsta ári. Umspil um sæti í Olísdeildunum var fellt niður.

Stöð 2 Sport sýndi frá fjölmörgum leikjum í Olísdeildunum í ár auk þess að vera með uppgjörspátt eftir hverja umferð. Þá hefur Vísir.is verið með mikla umfjöllun um handbolta, bæði klippur úr leikjum og beinar textalýsingar. Morgunblaðið, mbl.is og RÚV hafa einnig staðið sig vel í sinni umfjöllun. Þá eru hlaðvörp orðin vinsæl leið til umfjöllunar og skoðanaskipta og a.m.k. 5 þeirra fjölluðu eingöngu handbolta í vetur. Netútsendingar félaganna frá leikjum í meistaraflokki hafa vakið verðskuldaða athygli og er gaman að sjá þann metnað sem félögin eru farin að leggja í útsendingarnar.

### Coca-cola bikarinn

Nýtt fyrirkomulag var á úrslitahelgi Coca-Cola bikarsins í ár þar sem byrjað var degi fyrr en venjulega. Í undanúrslitum kvenna mættust Fram og Valur í fyrri leiknum þar sem Fram hafði sigur en í hinum undanúrslitaleiknum vann KA/Þór eins marks sigur á Haukum. Fram varð svo Coca-Cola bikarmeistari kvenna eftir sigur á KA/Þór í úrslitum. Í undanúrslitum karla mættust ÍBV og Haukar og þar höfðu Eyjamenn sigur en í hinum undanúrslitaleiknum vann Stjarnan sigur á Aftureldingu. Í úrslitaleiknum vann ÍBV sigur á Stjörnunni og tryggði sér þannig Coca-Cola bikarmeistaratitilinn.

Sem fyrr var öll umgjörð í hæsta gæðaflokki í Laugardalshöll þessa helgi og fjölmargir áhorfendur skemmtu sér vel hvort sem var á leikum meistaraflokka eða yngri flokka. Allir leikir í meistaraflokki auk úrslitaleikja í 3.fl.ka. og kv. voru sýndir í beinni útsendingu á RÚV en aðrir leikir í yngri flokkum voru sýndir í beinni útsendingu á YouTube síðu HSÍ.





Coca-Cola á hrós skilið fyrir sína aðkomu að úrslitahelginni, sjaldan eða aldrei hefur Laugardalshöll litið jafnvel út og án efa er þetta einhver flottasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert.

### **Samstarfsaðilar**

Sambandið vil þakka þeim samstarfsaðilum sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar í ár, á því byggist reksturinn og er stuðningurinn ómetanlegur bæði fyrir HSÍ sem og handboltahreyfinguna.

Guðmundur B. Ólafsson, formaður.

## **Skýrsla markaðsnefndar HSÍ**

Nefndina skipar Jón Viðar Stefánsson en öll mál markaðsnefndar eru unnin með Róberti Geir Gíslasyni, framkv.stjóra HSÍ, og Kjartani Ólafssyni Vídó, markaðsstjóra HSÍ.

### **Mönnun nefndarinnar**

Ætlunin var að hafa nefndina skipaða 3 einstaklingum, bæði körlum og konum. Búið var að ræða við 2 einstaklinga um að koma í nefndina en þegar á reyndi fóru þau bæði til annarra starfa sem gerði þeim ókleift að starfa í markaðsnefnd HSÍ. Ætlunin er að bæta við 2 einstaklingum í nefndina í sumar og fyrir næsta tímabil verður nefndin því 3ja manna nefnd sem vinnur náíð með framkvæmdastjóra og markaðsstjóra HSÍ.

### **Helstu verkefni**

Í upphafi skipunartíma var ákveðið að gera ásýnd HSÍ sterkari með það að markmiði að bæta ímynd sambandsins enda hefur ekki verið ráðist í slíka vinnu undanfarna áratugi. Sem dæmi hefur merki HSÍ aldrei verið uppfært. Farið var í þessa vinnu í upphafi árs 2020 og er sú vinna nú í gangi, s.s. uppfærsla á merki félagsins, kynningarefni, heimasíða og allt er snýr að Handknattleikssambandinu. Áætlað er að þessari vinnu ljúki snemm-sumars 2020.

Árið 2020 er mikið endurnýjunarár, þ.e. mikið af samningum við okkar helstu samstarfsaðila renna út og þarfnast endurnýjunar. Hluti af þeirri vinnu sem nú er unnin í tengslum við ímyndarmál félagsins er að útbúa kynningarefni fyrir okkar samstarfsaðila en þar er farið yfir hvað sé fengið með því að vera samstarfsaðili HSÍ. Vinna við endurnýjun samstarfssamninga fer í gang síðsumars og er stefnan að vera



búin að ljúka endurnýjun samninga, ásamt því að fá fleiri fyrirtæki til liðs við sambandið, í október 2020.

Á árinu 2020 rann samningur HSÍ og Kempa út. Kannaður var áhugi nokkurra aðila um aðkomu að nýjum búningasamningi við HSÍ og sýndu 2 aðilar nýjum samningi áhuga ásamt Kempa. Eftir skoðun var ákveðið að semja á nýjan leik við Kempa og tekur sá samningur gildi í júní nk. Er um töluvert betri samning að ræða en áður var.

HSÍ hefur rekið netverslun með landsliðstreyjum frá því um mitt ár 2018. Salan hefur aukist jafnt og þétt og náði hámarki fyrir síðustu jól og í kringum EM 2020. Aukinn áhersla verður sett á að koma treyjum og öðrum vörum í aukna sölu og dreifingu þegar nýr Kempa samningur tekur gildi. Fyrirspurnir berast reglulega erlendis frá er varðar treyjur og eru þar sóknarfæri fyrir HSÍ á komandi mánuðum.

Markaðssetning á Olís- og Grill deildunum og Coca Cola bikarnum er unnin í nánu samstarfi auglýsingastofum Olís og Coca Cola.

## **EM 2020**

Á meðan EM í handbolta fór fram í janúar 2020 var mikil áhersla lögð á að dreifa fréttum, myndum og myndböndum frá mótinu. Þetta tókst afar vel, enda mikið um fréttir og myndir frá mótinu og strákunum okkar sem fylgjendur sambandsins á samfélagsmiðlum tóku afar vel í. Var þetta sérstaklega mikilvægt þar sem hinir hefðbundnu fjölmiðlar sýndu mótinu takmarkaðan áhuga og sumir stórmiðlar sendu ekki einu sinni fulltrúa á mótið úti sem olli okkur miklum vonbrigðum.

HSÍ sá um miðasölu til sinna stuðningsmanna fyrir EM ásamt því að skipuleggja stuðningsmannahitting í Malmö. HSÍ er eina sérsambandið sem tekur þátt í stórmóti í handbolta sem sér um skipulagningu sem þessa fyrir sína stuðningsmenn.

Miðasalan gekk vel og aldrei hafa fleiri Íslendingar fylgt landsliðinu okkar á stórmót á erlendri grundu. Icelandair útbjó pakkaferðir bæði í riðlakeppnina og á milliriðilinn og má áætla að þegar mest var hafi verið um 1100 áhorfendur í Malmö Arena að styðja strákana okkar.

## **Nýliðakynning í samstarfi við Bónus**

HSÍ í samstarfi við aðildarfélög sín og Bónus fóru í nýliðunaráttak í janúar á meðan EM 2020 var í gangi. Framleitt var markaðsefni sem að fulltrúar A landsliða karla og kvenna tóku þátt í og voru auglýsingar keyrðar á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum til að vekja athygli á áttakinu.

Yfir 400 skráðu nýir iðkendur skráður sig bæði hjá félagunum eða hjá HSÍ og fékk verkefnið mikla og góða athygli.

## **Helstu verkefni á Covid tímum.**



Til þess að mæta handboltapörf landans á tímum Covid var ákveðið að setja í gang 2 verkefni. Annars vegar var það „Tímavélin“ þar sem gamlir leikir eru sýndir á samfélagsmiðlum okkar fólki til mikillar skemmtunar og fróðleiks. Hins vegar er það verkefnið „Æfum heima“ sem við vinnum í samstarfi við landsliðsfólkið okkar en á samfélagsmiðlum eru birtar daglegar æfingar sem iðkendur geta gert heima hjá sér. Bæði verkefni hafa tekist mjög vel og er liður í koma í veg fyrir brottfall í handknattleik á Íslandi á jafn fordæmalausum tímum og eru uppi.

## **Skýrsla dómara nefndar 2019-2020**

### **Starfið í vetur**

Starfsmaður dómara nefndar á skrifstofu HSÍ var Magnús Kári Jónsson og er honum þakkað ánægjulegt og mjög gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómara nefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst. Haldnir voru þrjár formlegir fundir í vetur en önnur málefni afgreidd í gegnum síma og tölvupóst.

Helstu verkefni dómara nefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildardómurum og eftirlitsmönnum, skipulagning dómara námskeiða, námskeið fyrir ritara og tímaverði, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna.

Gott samstarf hefur verið við þjálfara og forráðamenn í efstu deildum og ber að hrósa þeim fyrir málefnalega umræðu og gott samstarf. Öll samskipti þjálfara og dómara hafa farið í gegnum skrifstofu HSÍ eins og í fyrra og hefur það gengið vel.

### **Undirbúningur og haustfundur**

Undirbúningur dómara hófst í júní, bæði með eigin æfingum auk þess sem Fannar Karvel tók á mótí dómurum í Spörtu tvisvar í viku. Auk þess þurftu allir dómara að dæma fimm æfingaleiki áður en Íslandsmótið hófst.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn laugardaginn 31. ágúst í Hertz-höllinni á Seltjarnarnesi. Þar fór dómara nefnd ásamt góðum gestum yfir áherslur vetrarins og línur lagðar. Meðal gesta á fundinum var Vilhjálmur Alvar Þórarinsson, milliríkjadómari í knattspyrnu sem miðlaði af sinni reynslu á knattspyrnuvöllinum. Bæði voru þrek- og skrifleg próf tekin þennan sama dag. Nýjungar voru kynntar í þrekprófinu, þar sem dómara eru nú látnir þreyta bæði YoYo-test og T-test í staðinn fyrir hið gamalkunna píp-test (Shuttle run test). Kunnum við Kristjáni Halldórssyni og Fannari Karvel bestu þakkir fyrir aðstoð við þjálfun og þrekpróf dómara.



Fundur með þjálfurum og forráðamönnum félaga í efstu deildum var 5. september, þar var farið yfir áherslur vetrarins, dómaraþör kynnt og fulltrúum félaganna gefinn kostur á að spyrja út í starfið og komandi vetur. Vinnufundur með dómurum og eftirlitsmönnum var haldinn 16. janúar þar sem farið var yfir hvernig hefur gengið í vetur og hvað má bæta.

### **Áherslur vetrarins**

Meðal áherslna dómara nefndar í ár var að taka á öggrandi framkomu leikmanna eftir leikbrot sem hefur verið áberandi undanfarin ár. Það er óhætt að segja að þar hafi tekist vel til, óþarfa upptökum fækkaði og störf dómara urðu fyrir vikið auðveldari. Dómara nefnd mun halda í þessa áherslu næstu tímabil og bæta í ef þurfa þykir, dómara eru á staðnum til að dæma, ekki stilla til friðar.

Aðrar áherslur dómara nefndar miðuðu flestar að því að samræma dómaraþör þannig að þau dæmdu eftir sömu línu í mótum vetrarins. Að einhverju leyti gekk þetta eftir en hér er ljóst að við getum gert betur og mun starfið miða að því næsta vetur.

### **Dómara námskeið**

Fjögur A-stigs námskeið voru haldin hjá félögunum í vetur, en þar sátu 120 manns dómara námskeið. Námskeiðum hjá félögunum hefur fækkað á milli ára en þar má e.t.v. líka horfa í að þau hafa aldrei verið fleiri en sl. 2-3 ár. Fyrirlesari á námskeiðum í vetur eins og undanfarin ár var Bóas Börkur Bóasson og kunnum við honum bestu þakkir fyrir hjálpinu.

Tveir nýir C-stigs deildardómara voru útskrifaðir í ár; Bogi Örn Jónsson og Heimir Steinn Vigfússon, en þeir dæma fyrir ÍR.

Enn er skortur á dómurum með C-réttindi og er það von okkar að félögin aðstoði við fjölgun í þeirra hópi á næstu misserum. Það er mikilvægt að félögin ali upp dómara, alveg eins og þau ala upp leikmenn og þjálfara. Þá er rétt að benda á að leikmenn sem hættir eru að spila eiga yfirleitt auðvelt með að ná tókum á dómgæslu, þeir þekkja leikinn af eigin raun og þurfa því styttri tíma til að ná árangri í nýju hlutverki. Dómara nefnd skorar á félögin að líta í kringum sig og fá þá hugsanlega fyrrverandi leikmenn eða þjálfara til að leggja fyrir sig nýjan feril á handboltavellinum.

### **Ritara og tímaverðir**

Haldin voru tvö námskeið í Reykjavík og eitt á Akureyri. Mikilvægi ritara og tímavarða er alltaf að verða meira og starfið viðameira. Félögin verða að sjá til þess að á öllum leikjum í meistaraflokki séu aðeins þeir sem setið hafa námskeið og lokið prófi. Námskeið fyrir ritara og tímaverði veita réttindi í 2 ár en þá verður að endurnýja réttindin. Þess ber einnig að geta að dómara sem hafa B- eða C- stigs réttindi



mega einnig starfa á ritaraborði í leikjum í meistaraflokki. Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda frá hverju félagi sem hefur sótt námskeið fyrir ritara og tímaverði undanfarin ár.

**Mæting á námskeið fyrir ritara og tímaverði**

| Félag:            | 2017-2018 | 2018-2019 | 2019-2020 |
|-------------------|-----------|-----------|-----------|
| Afturelding       | 2         | 4         | 1         |
| FH                | 7         | 5         | 0         |
| Fjölnir           | 2         | 2         | 6         |
| Fram              | 7         | 9         | 12        |
| Fylkir            | 6         | 7         | 4         |
| Grótta            | 0         | 2         | 0         |
| Haukar            | 2         | 0         | 0         |
| HK                | 1         | 9         | 4         |
| IBV               | 4         | 0         | 0         |
| ÍR                | 7         | 7         | 0         |
| KA                | 0         | 4         | 3         |
| KA/Pór            | 0         | 0         | 0         |
| Kría              |           |           | 0         |
| Selfoss           | 1         | 0         | 1         |
| Stjarnan          | 2         | 4         | 1         |
| Valur             | 3         | 7         | 0         |
| Víkingur          | 12        | 5         | 0         |
| Pór Ak.           | 0         | 4         | 1         |
| Próttur           | 1         | 0         | 0         |
| Félög utan deilda | 0         | 0         | 0         |
| <b>Samtals</b>    | <b>57</b> | <b>69</b> | <b>33</b> |

**Fundur yfirmanna dómaramála á Norðurlöndunum**

Árlegur fundur dómaranefnda á Norðurlöndunum var áætlaður í lok mars í Færeyjum en honum var frestað vegna Covid-19 og ástandsins sem því fylgdi. Ekki hefur verið ákveðin ný dagsetning fyrir fundinn.

**Alþjóðlegir dómarar og eftirlitsmenn**

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur líkt og síðustu ár þar sem þeim hefur verið úthlutað mjög góðum verkefnum; Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson dæmdu bæði á EM í janúar og fjölmarga leiki í Meistaradeild Evrópu, Sigurður H. Þrastarson og Svavar Ó. Pétursson dæmdu í EHF Cup og í undankeppnum landsliða, þa dæmdu Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Baku í Azerbajjan sl. sumar og var vel látið af þeirra störfum. Bjarki Bóasson og Gunnar Óli Gústafsson bíða ennþá eftir að klára sín alþjóðlegu próf.

Í fyrsta skipti í mörg ár er enginn íslenskur dómari eða eftirlitsmaður starfandi á vegum IHF, þetta þurfum við að laga og stefnum að því að koma okkar mönnum þar inn á næstu árum.



Alþjóðlegir dómara HSÍ:

|                         |                                  |
|-------------------------|----------------------------------|
| Anton Gylfi Pálsson     | EHF                              |
| Jónas Elíasson          | EHF                              |
| Sigurður H. Prastarson  | EHF                              |
| Svavar Ó. Pétursson     | EHF                              |
| Bjarki Bóasson          | EHF candidate                    |
| Gunnar Óli Gústafsson   | EHF candidate                    |
| Árni Snær Magnússon     | EHF (YRP)                        |
| Þorvar Bjarni Harðarson | EHF (YRP)**Young referee project |

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

|                       |     |
|-----------------------|-----|
| Guðjón L. Sigurðsson  | EHF |
| Kristján Halldórsson  | EHF |
| Ólafur Örn Haraldsson | EHF |
| Reynir Stefánsson     | EHF |

**Dómgæsla í yngri flokkum**

Dómaranefnd fékk á sitt borð sitt nokkur mál sem tengdust yngri flokkum og dómgæslu í leikjum. Þau mál var reynt að leysa jafnóðum og koma þeim í rétta farveg. Dómaranefnd skorar á félögin að viðhalda og stuðla að góðri dómgæslu á þessum mótum. Mikilvægt er að félögin axli ábyrgð og útvegi dómara sem geta stuðlað að kennslu og leiðbeini ungum iðkendum í handbolta.

**Fjöldi deildadómara og sektir**

Eins og undanfarin ár þurfa félögin að útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er í Íslandsmót (að U liðum undanskildum). Á meðfylgjandi töflu má sjá hversu marga dómara hvert félag á að útvega og hversu margir starfandi dómara koma frá hverju félagi. Fimm félög ná tilskildum fjölda dómara sem er bæting frá fyrri árum, en betur má ef duga skal. Félögin greiða ennþá milljónir í sektir vegna dómarskorts en til þess að þetta breytist þá þurfa félögin að ala upp dómara, þeir eru líka hluti af leiknum. Það eru engar skammtímalausnir á vandamálinu, því er best að byrja strax.



### Fjöldi deildardómara eftir félagum

| Félag:           | Eiga að útvega: | Hafa tilnefnt: |
|------------------|-----------------|----------------|
| Afturelding      | 4               | 1              |
| FH               | 4               | 3              |
| Fjölnir          | 4               | 3              |
| Fram             | 4               | 7              |
| Fylkir           | 2               | 0              |
| Gróttá           | 4               | 0              |
| Haukar           | 4               | 4              |
| HK               | 4               | 2              |
| ÍBV              | 4               | 2              |
| IR               | 4               | 6              |
| KA               | 2               | 2              |
| KA/Pór           | 2               | 0              |
| Kría             | 2               | 0              |
| Selfoss          | 4               | 4              |
| Stjarnan         | 4               | 0              |
| Valur            | 4               | 2              |
| Víkingur         | 4               | 0              |
| Pór Ak.          | 2               | 2              |
| Próttur          | 2               | 0              |
| Félög utan deild | 0               | 3              |
| <b>Samtals:</b>  | <b>64</b>       | <b>41</b>      |

### Dómaranefnd 2019-2020

Reynir Stefánsson, formaður  
Gísli Hlynur Jóhannsson  
Kristín Aðalsteinsdóttir  
Kristján Gaukur Kristjánsson

### Dómarar og eftirlitsmenn

#### Starfandi deildardómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson

Arnór Jón Sigurðsson - Patrick M. Rittmüller  
Árni Snær Magnússon - Þorvar B. Harðarson



Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson  
Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson  
Bogi Örn Jónsson - Heimir Steinn Vigfússon  
Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson  
Daníel Ingi Þórisson - Guðbjörn Ólafsson  
Hallgrímur Jónasson - Vilbergur F. Sverrisson  
Heimir Örn Árnason - Magnús Kári Jónsson  
Hekla Daðadóttir - Ricardo Xavier

Eyþór Jónsson - Leó Snær Róbertsson  
Hilmar Ingi Jónsson - Magnús Ólafur Björnsson  
Ingvar Guðjónsson - Sigurjón Þórðarson  
Jóhann Gunnar Jóhannsson - Sævar Árnason  
Matthías Leifsson - Örn Arnarson  
Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson  
Sigurður H. Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson  
Sigurgeir Sigurgeirsson - Ægir Sigurgeirsson

#### Eftirlitsmenn HSÍ:

Einar Sveinsson  
Gísli H. Jóhannsson  
Guðjón L. Sigurðsson  
Hlynur Leifsson  
Ingvar Guðjónsson  
Kristján Halldórsson  
Kristján Gaukur Kristjánsson

Kristín Aðalsteinsdóttir  
Ólafur Örn Haraldsson  
Reynir Stefánsson  
Sigurður Egill Þorvaldsson  
Sindri Ólafsson  
Valgeir Egill Ómarsson

#### **Í lok keppnistímabils**

Keppnistímabilið var heldur endasleppt þetta árið vegna ástandsins í þjóðfélaginu, engin úrslitakeppni sem er yfirleitt skemmtilegasti tími ársins í handboltanum. En handboltinn heldur áfram á næsta ári, Ísland heldur áfram að ala upp heimsklassa leikmenn sem halda í atvinnumennsku og bera uppi landsliðin okkar. Þannig hefur starfið verið undanfarna áratugi og þannig ætlum við að hafa það áfram.

En nú er svo komið að við þurfum að horfa í fleiri áttir, það er ekki nóg að ala upp frábæra leikmenn. Það þarf meira til, við þurfum að ala upp þjálfara, liðsstjóra, stuðningsmenn, stjórnarmenn, framtíðarstyrktaraðila og allt það sem tengist því að búa til félag. Já og við þurfum líka að ala upp dómara, það er starf sem einstaka félög hafa sinnt mjög vel en önnur ekki neitt. Við eigum ágætan hóp af dómurum sem starfa í kringum deildarkeppnirnar í dag en hann eldist og það má ekki miklu muna að við lendum í vandræðum með fjölda dómara.

Áskorun mín til félaganna er því sú að hlúa betur að ungum og efnilegum dómurum. Það verða ekki allir afreksmenn í handknattleik og því nauðsynlegt að finna þeim annan farveg eða hafa fleiri möguleika til að vera lengur í íþróttinni hvort sem það er við þjálfun, dómgæslu eða annað.

Áfram handbolti!

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,

*Reynir Stefánsson*





## Skýrsla landsliðsnefndar karla 2020

### Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Páll Þórólfsson (formaður)  
Gunnar Andrésson  
Markús Máni Michaelsson

### Landsliðsþjálfarar

- A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Thomas Svenson
- B landslið karla: Einar Andri Einarsson
- U-20 árs landslið karla: Einar Andri Einarsson (tók við af Heimi Ríkarðssyni í september)
- U-18 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson (tók við af MA og GHP í september)
- U-16 ára landslið karla: Halldór Jóhann Sigfússon
- Hæfileikamótun HSÍ: Halldór Jóhann Sigfússon

### Læknar og sjúkrateymi

- A landslið karla:
  - Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson
  - Sjúkraþjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson, Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson
- U-20 árs landslið karla:
  - Sjúkraþjálfari: Stefán Baldvin Stefánsson
- U-18 ára landslið karla:
  - Osteópati: Hilmar Þór Arnarson

### Liðsstjórar

- A landslið karla: Guðni Jónsson
- B landslið karla: Jóhannes Runólfsson
- U-20 árs landslið karla: Jóhannes Runólfsson
- U-18 ára landslið karla: Björn Eiríksson

### Helstu verkefni og áherslur

A-landslið karla tók þátt í EM í Svíþjóð í janúar þar sem liðið var í sterkum riðli sem ekki var sjálfgefið að komast uppúr. En með frábærum sigrum gegn Dönum og Rússum tókst það og lék liðið í milliriðlum í fyrsta skipti síðan 2014. Aðeins 1 sigur vannst í milliriðli en þrátt fyrir það mátti svo marga jákvæða punkta á leik liðsins og má þar helst nefna fjölda ungra leikmanna sem eru að fá stærra hlutverk í liðinu.



Yngri landsliðin (U-21 og U-19) léku á lokamótum sl. sumar, þrátt fyrir nokkur forföll í leikmannahópum liðanna þá náðu þau ágætum árangri. U-21 árs liðið endaði í 13. sæti á HM á Spáni og U-19 ára landsliðið endaði í 8. sæti á HM í Makedóníu. Þá lék U-17 ára landsliðið á tveimur mótum og náði eftirtektarverðum árangri, liðið endaði í 3. sæti á European Open í Gautaborg í Svíþjóð áður en liðið hélt til Baku í Azerbaidjan þar sem liðið endaði í 5. sæti á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.

Landsliðin okkar eru á réttri leið en uppbyggingin heldur áfram, það er mikilvægt að hafa háleit markmið og stefna alltaf lengra. Nú lítur út fyrir að æfinga- og keppnisaðstaða okkar taki stórstíggum framförum á næstu árum og það er okkar von að það nýtist okkur til enn frekar frama á alþjóðlega sviðinu.

## Leikir mót og úrslit

### A landslið karla

**Undankeppni EM 2020**, 10. – 14. Apríl & 12. – 16 júní. Ísland lék 4 síðustu leikina í undankeppni EM á fyrri hluta árs 2019. Niðurstaðan var 1 sigur, 2 jafntefli og 1 tap sem þýddi 2. sætið í riðlinum og sætið á EM tryggt. Ísland fékk 8 stig í riðlinum, einu stigi minna en Norður-Makedónía. Í ferðirnar til Grikklands og N-Makedóníu fóru 16 leikmenn og 7 starfsmenn.

|          |                |                      |       |
|----------|----------------|----------------------|-------|
| 10. apr. | Laugardalshöll | Ísland - N-Makedónía | 33-34 |
| 14. apr. | N-Makedónía    | N-Makedónía - Ísland | 24-24 |
| 12. jún. | Grikkland      | Grikkland - Ísland   | 28-28 |
| 16. jún. | Laugardalshöll | Ísland - Tyrkland    | 32-22 |

**Vináttulandsleikir gegn Svíþjóð**, 24. - 28. október. Undirbúningur fyrir EM í Svíþjóð í jan 2020, æfingar og leikir í Svíþjóð. Íslenska liðið lék vel í báðum leikjum, vann þann fyrri með einu marki en tapaði síðari leiknum með 4 mörkum. 17 leikmenn og 7 starfsmenn fóru í þessa ferð.

|          |         |                  |       |
|----------|---------|------------------|-------|
| 25. okt. | Svíþjóð | Svíþjóð - Ísland | 26-27 |
| 27. okt. | Svíþjóð | Svíþjóð - Ísland | 35-31 |

**Vináttulandsleikur gegn Þjóðverðum**, 3. – 5. janúar. Undirbúningur fyrir EM í Svíþjóð. Meiðsli herjuðu á hópinn, bæði voru lykilmenn fjarverandi auk meiðsla í leiknum. Leikurinn tapaðist með 8 marka mun. 17 leikmenn og 8 starfsmenn.

|         |           |                    |       |
|---------|-----------|--------------------|-------|
| 4. jan. | Þýskaland | Þýskaland – Ísland | 25-33 |
|---------|-----------|--------------------|-------|

**EM í Svíþjóð**, 8. – 24. janúar. Strákarnir okkar komust uppúr sínum riðli eftir frábæra sigra gegn Dönum og Rússum en töpuðu svo fyrir Ungverjum í lokaleik riðilsins. Íslenska liðið vann einn leik í milliriðli og hafnaði í neðsta sæti riðilsins. Lokaniðurstaða liðsins í mótinu var 11. sætið, 3 sigrar og 5 töp. 17 leikmenn og 12 starfsmenn fóru í þessa ferð.



|          |         |                       |       |
|----------|---------|-----------------------|-------|
| 11. jan. | Svíþjóð | Danmörk – Ísland      | 30-31 |
| 13. jan. | Svíþjóð | Ísland – Rússland     | 34-23 |
| 15. jan. | Svíþjóð | Ísland – Ungverjaland | 18-24 |
| 17. jan. | Svíþjóð | Slóvenía – Ísland     | 30-27 |
| 19. jan. | Svíþjóð | Portúgal – Ísland     | 25-28 |
| 21. jan. | Svíþjóð | Noregur – Ísland      | 31-28 |
| 22. jan. | Svíþjóð | Ísland – Svíþjóð      | 25-32 |

#### -21 árs landslið karla

**4 landa mót í Portúgal, 28. - 30. júní.** 4 landa mót í Portúgal, undirbúningur fyrir HM á Spáni. Íslenska liðið vann tvo leiki, tapaði einum og lenti í öðru sæti. 16 leikmenn og 4 manna starfslið fóru til Portúgal í þetta verkefni.

|          |          |                    |       |
|----------|----------|--------------------|-------|
| 28. jún. | Portúgal | Argentína - Ísland | 20-23 |
| 29. jún. | Portúgal | Ísland - Japan     | 28-16 |
| 30. jún. | Portúgal | Portúgal - Ísland  | 31-29 |

**HM á Spáni, 15. – 28. júlí.** Íslenska liðið komst áfram úr riðlinum eftir frækinn sigur á Dönum. Í 16 liða úrslitum tapaði liðið á móti Króötum sem fóru alla leið í úrslit í mótinu. Liðið endaði í 13. sæti. Alls tóku 24 þjóðir tóku þátt í mótinu og endaði íslenska liðið í 14. sæti. Íslenska liðið lék 7 leiki í mótinu, vann 3 en tapaði 4. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

|          |       |                    |       |
|----------|-------|--------------------|-------|
| 16. júl. | Spánn | Ísland - Síle      | 26-19 |
| 17. júl. | Spánn | Argentína - Ísland | 22-26 |
| 19. júl. | Spánn | Ísland – Noregur   | 19-29 |
| 20. júl. | Spánn | Ísland - Danmörk   | 25-22 |
| 22. júl. | Spánn | Þýskaland - Ísland | 26-17 |
| 24. júl. | Spánn | Króatía - Ísland   | 29-16 |
| 25. júl. | Spánn | Ísland - Serbía    | 22-24 |

#### U-19 ára landslið karla

**Nations Cup í Þýskaland, 27. - 30. júní.** 4 landa mót, undirbúningur fyrir HM í Norður-Makedóníu. Íslenska liðið vann einn leik, gerði eitt jafntefli og tapaði einum og lenti í öðru sæti. 16 leikmenn og 4 manna starfslið fóru til Þýskalands í þetta verkefni.

|          |           |                    |       |
|----------|-----------|--------------------|-------|
| 27. jún. | Þýskaland | Ísland - Ísrael    | 26-26 |
| 29. jún. | Þýskaland | Þýskaland - Ísland | 23-25 |
| 30. jún. | Þýskaland | Noregur - Ísland   | 35-28 |

**HM í Norður-Makedóníu, 4. - 19. ágúst.** Íslenska liðið varð í 3. sæti í sínum riðli og komst þannig áfram í 16-liða úrslit. Eftir sigur á Japan biðu Egyptar í 8 liða úrslitum í leik sem reyndist íslenska liðinu afar



erfiður og tapaðist með 4 marka mun. Egyptaland fagnaði síðar heimsmeistaratitlinum eftir sannfærandi sigur á Þjóðverjum í úrslitaleik. Íslenska liðið hafnaði í 8. sæti á mótinu, liðið lék 9 leiki, 4 sigrar og 5 töp. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

|          |             |                     |       |
|----------|-------------|---------------------|-------|
| 6. ágú.  | N-Makedónía | Ísland - Túnis      | 25-20 |
| 7. ágú.  | N-Makedónía | Brasilía - Ísland   | 26-30 |
| 9. ágú.  | N-Makedónía | Ísland - Portúgal   | 24-28 |
| 10. ágú. | N-Makedónía | Serbía - Ísland     | 22-26 |
| 12. ágú. | N-Makedónía | Ísland - Þýskaland  | 22-26 |
| 14. ágú. | N-Makedónía | Ísland - Japan      | 39-34 |
| 15. ágú. | N-Makedónía | Egyptaland - Ísland | 35-31 |
| 17. ágú. | N-Makedónía | Ísland - Frakkland  | 24-30 |
| 18. ágú. | N-Makedónía | Ísland - Spánn      | 26-30 |

### U-17 ára landslið karla

**European Open í Svíþjóð**, 30. júní - 7. júlí. Sterkt mót sem haldið er í Gautaborg á hverju ári. Íslenska liðið vann sinn riðil og komst þannig áfram í milliriðil. Liðið hafnaði í 2. sæti í milliriðli en vann lokaleikinn gegn Hvít-Rússum og endaði liðið því í 3. sæti af 24 þjóðum sem tóku þátt. Liðið lék 8 leiki í mótinu, vann 6 en tapaði 2. 16 leikmenn og 4 starfsmenn fóru í þetta verkefni.

|         |         |                         |       |
|---------|---------|-------------------------|-------|
| 1. júl. | Svíþjóð | Ísland - Holland        | 28-21 |
| 1. júl. | Svíþjóð | Ísland - Svartfjalland  | 28-23 |
| 2. júl. | Svíþjóð | Ísland - Rúmenía        | 19-20 |
| 3. júl. | Svíþjóð | Ísland - Ítalía         | 22-19 |
| 3. júl. | Svíþjóð | Ísland - Austurríki     | 23-14 |
| 4. júl. | Svíþjóð | Tékkland - Ísland       | 25-28 |
| 4. júl. | Svíþjóð | Ísland - Svíþjóð        | 19-22 |
| 5. júl. | Svíþjóð | Ísland - Hvíta Rússland | 30-29 |

**Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Azerbaidjan**, 20. - 28. júlí. Aðeins sjö sterkustu þjóðum Evrópu er boðið á þetta mót og er þá miðað við árangur 18 ára landsliða á EM árið á undan. Íslenska liðið vann magnaðan sigur á Frökkum í fyrsta leik en eftir jafntefli og tap í næstu tveim leikjum endaði íslenska liðið í 3. sæti riðilsins og spilaði því um 5.-8 sæti. Þar urðu strákunum á engin mistök og lönduðu 5. sætinu með 2 góðum sigrum. Liðið lék 5 leiki í mótinu, 3 sigrar, 1 jafntefli og 1 tap. Í ferðina fóru 15 leikmenn og 4 starfsmenn.

|          |             |                      |       |
|----------|-------------|----------------------|-------|
| 22. júl. | Azerbaidjan | Ísland - Frakkland   | 37-31 |
| 23. júl. | Azerbaidjan | Slóvenía - Ísland    | 21-21 |
| 24. júl. | Azerbaidjan | Ísland - Króatía     | 21-24 |
| 26. júl. | Azerbaidjan | Ísland - Azerbaidjan | 48-11 |
| 27. júl. | Azerbaidjan | Slóvenía - Ísland    | 17-24 |



**Sparkassen Cup í Þýskalandi**, 26. - 30. desember. Átta landa mót sem haldið er í Merzig á hverju ári og Ísland hefur sótt í yfir 20 ár. Íslenska liðið lendi í öðru sæti í sínum riðli, unnu Hvíta-Rússland í undanúrslitum en töpuðu fyrir Þjóðverjum í æsispennandi úrslitaleik. Íslenska liðið lék 5 leiki í ferðinni, unnu 3 en töpuðu 2 og lentu í 2. sæti í mótinu. Í þessa ferð fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.

|          |           |                        |       |
|----------|-----------|------------------------|-------|
| 27. des. | Þýskaland | Ísland - Sviss         | 21-29 |
| 28. des. | Þýskaland | Þýskaland - Ísland     | 28-21 |
| 28. des. | Þýskaland | Ítalía - Ísland        | 17-22 |
| 29. des. | Þýskaland | HvítaRússland - Ísland | 24-32 |
| 29. des. | Þýskaland | Ísland - Þýskaland     | 32-35 |

Fyrir hönd landsliðsnefndar karla,

*Páll Þórólfsson, formaður*

## **Skýrsla landsliðsnefndar kvenna**

Nefndarskipan var sem hér segir:

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður  
Ásta Björk Sveinsdóttir, nefndarmaður  
Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður  
Halldóra Ingvarsdóttir, nefndarmaður  
Margrét Berg Theodórsdóttir, nefndarmaður

### **Landsliðsþjálfarar**

A landslið: Axel Stefánsson og Elías Már Halldórsson aðstoðarþjálfari. Elías lét af störfum sl. vor og Axel um mitt sumar, við liðinu tóku Arnar Pétursson og Halldór Jóhann Sigfússon. Óskar Bjarni Óskarsson var aðstoðarþjálfari hjá liðinu í umspilsleikjunum gegn Spáni í vor. Liðstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir.

U19 ára : Stefán Arnarsson og Sigurgeir Jónsson. Liðstjóri Guðríður Guðjónsdóttir.

U17 ára: Rakel Dögg Bragadóttir og Sigurjón Friðbjörnsson. Liðstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

U15 ára: Rakel Dögg Bragadóttir

Hæfileikamótun: Rakel Dögg Bragadóttir og Halldór Jóhann Sigfússon

Styrktarþjálfari: Fannar Karvel.

### **Læknir og sjúkráþjálfarar**

Jóhann Róbertsson, læknir.



Ágústa Sigurjónsdóttir og Særún Jónsdóttir, A landslið.  
Silja Theodórsdóttir U19  
Adam Snær Jóhannesson U17.

### Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- Auka umfjöllun og markaðsetja kvannahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.

### Æfingatímar landsliða

Betur hefur gengið að fá æfingatíma fyrir landsliðin en oft áður. Félögin eru samt ekki nægilega dugleg að gefa HSÍ tíma og skrifstofan á oft í vandræðum með að útvega tíma fyrir liðin. Þetta þarf að vera í lagi og er þetta allt á réttri leið.

Purfum samt einhvern veginn að ná meiri samvinnu við félögin og þjálfarana þar.

### Mót, leikir og úrslit:

#### A landslið kvenna

**Baltic handball cup**, 21. – 25 mars. 4 landa mót í Gdansk í Póllandi, undirbúningur fyrir umspilsleiki um laust sæti á HM. Íslenska liðið lék 3 leiki á jafnmörgum dögum, tapaði naumlega fyrir heimamönnum í fyrsta leik en unnu hina tvo. 19 leikmenn og 6 manna starfslið fór með liðinu til Póllands.

|          |         |                    |       |
|----------|---------|--------------------|-------|
| 22. mar. | Pólland | Pólland - Ísland   | 21-19 |
| 23. mar. | Pólland | Ísland - Argentína | 31-26 |
| 24. mar. | Pólland | Ísland - Slóvakía  | 30-28 |

**Vínáttulandsleikur gegn Noregi**, 28. maí. Undirbúningur fyrir umspilsleiki um laust sæti á HM. Íslenska liðið var við æfingar í Noregi og lék vínáttuleik gegn heimakonum. Leikurinn tapaðist með tveggja marka mun. Alls voru 16 leikmenn og 6 starfsmenn í þessari ferð.

|          |         |                  |       |
|----------|---------|------------------|-------|
| 28. maí. | Noregur | Noregur - Ísland | 26-24 |
|----------|---------|------------------|-------|

**Umspil um laust sæti á HM 2019**, 31. maí – 6. júní. Leikið gegn Spánverjum, einu af allra sterkustu landsliðum kvenna undanfarin ár. Slæmt tap á útivelli en íslenska liðið kom tvíeft til leiks í Laugardalshöll og vann eins marks sigur. Alls voru 16 leikmenn og 7 starfsmenn í ferðina til Spánar.

|         |        |                |       |
|---------|--------|----------------|-------|
| 31. maí | Malaga | Spánn - Ísland | 35-26 |
|---------|--------|----------------|-------|



6. jún. Laugardalshöll Ísland - Spánn 32-31

**Undankeppni EM 2020, 23. – 30. sept.** Fyrstu leikirnir í undankeppni EM 2020. Íslenska liðið hóf leik í Króatíu þar sem þær máttu þola slæmt tap gegn heimakonum. Síðari leikurinn fór fram á Ásvöllum í Hafnarfirði og þar áttu stelpurnar okkar í fullu tré við núverandi Evrópumeistara, Frakka. Eftir hörkuleik tapaðist leikurinn á lokamínútunum.

|           |         |                    |       |
|-----------|---------|--------------------|-------|
| 25. sept. | Króatía | Króatía - Ísland   | 29-8  |
| 29. sept. | Ávellir | Ísland - Frakkland | 17-23 |

**Vináttulandsleikir gegn Færeyjum, 20. - 25. nóvember.** Tveir leikir hér heima gegn nágörnum okkar í Færeyjum. Íslenska liðið vann sannfærandi sigra í báðum leikjum.

|          |         |                   |       |
|----------|---------|-------------------|-------|
| 23. nóv. | Ávellir | Ísland - Færeyjar | 28-20 |
| 24. nóv. | Ávellir | Ísland - Færeyjar | 34-19 |

#### U-19 ára landslið kvenna

**4 landa mót í Póllandi, 14. – 16. júní.** 4 landa mót í Zory í Póllandi, undirbúningur fyrir EM í Búlgaríu. Íslenska liðið vann einn leik en tapaði tveimur og lenti í þriðja sæti. 16 leikmenn og 4 manna starfslið fór til Póllands í þetta verkefni.

|          |         |                   |       |
|----------|---------|-------------------|-------|
| 14. jún. | Pólland | Pólland - Ísland  | 24-17 |
| 15. jún. | Pólland | Ísland - Rússland | 14-33 |
| 16. jún. | Pólland | Slóvakía - Ísland | 26-28 |

**EM (B-deild) í Búlgaríu, 12. – 22. júlí.** Íslenska liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli og lék því um 5.-8. sæti í mótinu. Þar unnu íslensku stúlkurnar tvo góða sigra og enduðu því í 5. sæti. Alls tóku 10 lið þátt í mótinu, íslenska liðið lék 6 leiki, vann 4 en tapaði 2. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

|          |          |                    |       |
|----------|----------|--------------------|-------|
| 13. júl. | Búlgaría | Ísland - Grikkland | 22-14 |
| 15. júl. | Búlgaría | Búlgaría - Ísland  | 24-16 |
| 17. júl. | Búlgaría | Ísland - Serbía    | 14-22 |
| 18. júl. | Búlgaría | Ísland - Bretland  | 39-12 |
| 20. júl. | Búlgaría | Ísland - Finnland  | 23-19 |
| 21. júl. | Búlgaría | Ísland - Grikkland | 29-22 |

#### U-17 ára landslið kvenna

**Vináttulandsleikir í Slóvakíu, 5. – 8. júlí.** Tveir vináttulandsleikir í Bratislava, undirbúningur fyrir EM á Ítalíu. Liðið tapaði illa í fyrri leiknum en náði jafntefli í þeim síðari. Í þessa ferð fóru 16 leikmenn og 4 starfsmenn.



|         |          |                   |       |
|---------|----------|-------------------|-------|
| 6. júl. | Slóvakía | Slóvakía - Ísland | 29-20 |
| 7. júl. | Slóvakía | Slóvakía - Ísland | 23-23 |

**EM (B-deild) á Ítalíu, 12. – 22. júlí.** Íslenska vann sinn riðil nokkuð sannfærandi og komst þannig í undanúrslit. Þar unnu stúlkurnar góðan sigur á Pólverjum og því biðu Tékkar í úrslitum en íslenska liðið hafði þegar unnið Tékkar í riðlinum. Úrslitaleikurinn var jafn og spennandi, en eftir framlengingu og vítakeppni tapaði íslenska liðið með minnsta mögulega mun. Þessi hópur er einn sá efnilegasti sem við höfum átt kvennamegin og var frábært að fylgjast með þeim vaxa og dafna í ferðinni. 10 lið tóku þátt í mótinu, íslenska liðið lék 6 leiki, vann 5 en tapaði 1. 16 leikmenn og 5 starfsmenn fóru í þessa ferð.

|          |        |                   |       |
|----------|--------|-------------------|-------|
| 3. ágú.  | Ítalía | Ísland - Ísrael   | 24-19 |
| 5. ágú.  | Ítalía | Tyrkland - Ísland | 22-32 |
| 7. ágú.  | Ítalía | Ísland - Tékkland | 26-24 |
| 8. ágú.  | Ítalía | Ísland - Kosóvó   | 27-19 |
| 10. ágú. | Ítalía | Ísland - Pólland  | 25-23 |
| 11. ágú. | Ítalía | Ísland - Tékkland | 31-32 |

**Hæfileikamótun,** fyrsta skrefið í landsliðshópum HSÍ hefst í með handboltaskóla í byrjun júní. Þar geta félögin tilnefnt 4 leikmenn af hvoru kyni sem æfa í stórum hóp í byrjun júní. Þegar því er lokið æfir sá árgangur í heilt ár undir merkjum hæfileikamótunar. Þjálfari á vegum HSÍ velur stóra hópa sem æfa saman í þrjú-fjögur skipti á einu keppnistímabili, hóparnir minnka eftir því sem líður á árið. Æfingar hópsins eru í 2-3 daga, 3-4 æfingar í hvert skipti. Að lokinni hæfileikamótun gengur hópurinn upp í U-15 ára landslið.

#### Yfirlit yfir verkefni 2019:

- 15.4. - 16.4. 2019 (f. 2005)
- 1.6. - 2.6. 2019 (f. 2005)
- 8.6. - 9.6. (f. 2006) Handboltaskóli HSÍ
- 19.10. - 20.10 2019 (f. 2006)

#### **Landsliðsnefnd**

Alls voru 4 bókaðir fundir haldnir á árinu, auk annara funda. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

Þegar litið er til árangurs má helst nefna frábært mót U-17 kvenna sl. sumar þar sem liðið hafnaði í 2. sæti í B-keppni EM á Ítalíu eftir að hafa tapað í vítakeppni gegn Tékkum í úrslitaleik. Þessi hópur hefur tekið miklum framförum undanfarin misseri og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Axel Stefánsson lét af störfum sl. sumar og vill landsliðsnefnd koma á framfæri þakklæti til Axels fyrir vel unnin störf. Á undanförunum 4 árum hefur Axel ekki bara unnið gott starf með A landslið kvenna, heldur líka látið gott af sér leiða í íslenskum kvennahandbolta og má sjá handbragð hans á æfingum





yngrri landsliða sérstaklega þegar kemur að líkamlegri þjálfun. Við viljum óska Axel velfarnaðar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur.

*Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna*

## **SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ**

### Mótanefnd 2019/2020

Kristín Þórðardóttir, formaður  
Ágúst Karl Karlsson  
Hjalti Þór Hreinsson  
Pálmi Harðarson  
Þórarinn Þórarinsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmaður mótanefndar 2019/2020 var Alfreð Örn Finnsson. Honum er þakkað fyrir mjög vel unnin störf á tímabilinu.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar voru einnig í mjög virkum samskiptum í gegnum síma, í kringum flest mál sem komu upp – auk annarra mála.

Formaður mótanefndar og starfsmaður settu saman vinnuskjal þar sem öll mál sem komu formlega inn á borð mótanefndar voru færð inn. Undantekning eru mál sem leyst eru með samtölum beint við félög og aðra aðila. Í skjalinu er haldið utan um málin, bæði hvernig þau voru unnin og hver úrlausn þeirra var. Telja formaður og starfsmaður mótanefndar þetta skipulag mjög gott þar sem það auðveldar nýjum aðilum að komast inn í málin og auðveldar að hægt sé að leita í eldri málum, enda mörg þeirra keimlík hver öðru, og nauðsynlegt að halda samræmi milli ákvarðana.

Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga og hafa um það bil 50 mál ratað þangað á tímabilinu. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur afgangið strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.

### Meistaraflokkar

Síðastliðið vor var ákveðið á formanna fundi að töfludraga eingöngu í efstu deild karla og raða svo leikjum í öðrum deildum í kringum það. Þetta var gert með það í huga að gera félögunum kleift að vera með fleiri tvennur sem óskað hafði verið eftir bæði af félögunum og sjónvarpsrétthafa. Starfsmaður og formaður mótanefndar sáu um að raða leikjum í öðrum deildum en efstu deild karla og tókst með því að tryggja að öll félög með lið í efstu deild karla og kvenna höfðu möguleika á að lágmarki 4





tvennum, oft fleiri. Einnig ákveðið að draga ekki í þriðju umferð efstu deildar kvenna heldur láta hana spegla fyrstu umferð. Þessi breyting stuðlaði einnig að auknum fjölda tvenna.

#### Deildakeppni karla

Fjölgun varð á fjölda félaga sem sendu inn lið til þátttöku í meistaraflokki karla. Akureyri sendi ekki inn lið en Þór Ak., Kría og Hörður bættust við þannig að samtals sendu 18 félög lið til þátttöku. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið tóku þátt í Olís-deild karla, 10 í Grill 66 deildinni, þar af 6 U-lið, og 10 í 2. deild karla, þar af 8 U-lið. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki vegna þróunar U-liða.



Athygli vekur að öll fjögur liðin í Grill 66 deildinni voru búin að tryggja sér sæti í umspili um laust sæti í Olís-deildinni fyrir næsta tímabilið þar sem U-liðin mega ekki spila í efstu deild.





## Deildakeppni kvenna

Á Íslandsmóti kvenna fjölgaði um eitt U-lið en áfram sendu 15 félag lið til keppni. Leikið var í Olís-deild kvenna og Grill 66 deild kvenna. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og tólf í Grill 66 deildinni, fjölgun um eitt lið frá því á síðasta Íslandsmóti.



## Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Meirihluti þeirra mála sem komið hafa



á borð nefndarinnar tengd umgjörð leikja tengjast öryggisgæslu. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfstöðu hluti af vinnu mótnefndar. Eins þarf mótnefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en nokkur mál komu inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning. Félögin virðast þó hafa bætt sig við yfirferð leikskýrsla því ekkert mál kom á borð nefndarinnar í vetur þar sem leikmann vantaði á leikskýrslu. Langflestar sektir mótnefndar í vetur snéru að því að leikskýrslur og/eða tölfraði leikja barst ekki til HSÍ og fjölmiðla og þarna geta félögin klárlega gert betur.

Þegar kemur að málefnum yngri flokka ákvað mótastjóri að beita ekki breytingargjaldi í vetur þrátt fyrir að það hafi gengið vel árið á undan. Aðallega helgast ákvörðunin af því að nokkur félög voru að endurskipuleggja leikdaga lengi fram eftir vetri þar sem leikmenn spila með nokkrum liðum. Þetta er atriði sem vert er að skoða og ekki hægt að fresta stöðugt leikjum vegna þess að lið eru ekki fullmönnuð. Einstaka þjálfarar hafa lýst yfir áhyggjum af þessari þróun þannig að leikmenn sem jafnvel eru hugsaðir í lið 2 fái jafnvel ekki að spila með liði 2 þar sem leikmenn í liði 1 spili til þess að vinna örugglega leikina. Einnig hefur það haft áhrif að 3.flokks leikmenn séu að spila með meistaraflokki og því leikjum í yngri flokkum frestað en það er ekki nógu góð þróun, yngri flokkar mega ekki stjórna um of af meistaraflokk þ.e. æfingum og leikjum. Breytingargjaldið ætti hiklaust að nýta eftir ákveðinn tíma t.d. 1.nóvember ár hvert.

Haldin var formannafundur yngri flokka í febrúar síðastliðinn og var mæting mjög góð. Helstu punktar sem þar komu fram voru eftirfarandi:

Fjölmiðamót í 5.-8.flokki:

- Skráning á mót er ekki nægjanlega markviss. Félög skrá seint og illa, draga lið út rétt fyrir mót o.s.frv. Rætt um að sekta eða að greiða þurfi mótagjaldið þegar lið er dregið úr keppni á síðustu stundu.
- Skoða rafrænt skráningarform í gegnum HSÍ fyrir næsta tímabil.
- Mótagjöld standa ekki undir kostnaði. Hækka þarf gjöldin í öllum yngstu flokkum og jafnvel rukka fyrir leikmenn en ekki lið í 7. og 8.flokki.
- Skoða tímasetningar móta, t.d. seinka Ákamótinu um eina til tvær vikur.

3.-4.flokkur:

- Einstaka mót eru of lítil, of fáir leikir.
- Spurning um að minnka deildir og spila fleiri umferðir.
- Rætt að spila tvískiptar deildir, jafnvel skipta um áramót.

Einnig var rætt um hvort leyfa ætti öðrum en markvörðum að spila með fleiri en einu liði á fjölmiðamótum. Sú breyting krefst reglugerðarbreytingar frá stjórn HSÍ.



## Fjöldi félaga og liða í mótum

*Ath: Einnig voru haldin önnur minni mót sem eru ekki inni í þessum tölum.*

| 5 flokkur |        |       |       |        |       |
|-----------|--------|-------|-------|--------|-------|
| KK        |        |       | KVK   |        |       |
| Eldri     |        | Yngri | Eldri |        | Yngri |
| Félög     | lið    | Félög | lið   | Félög  | lið   |
| Mót 1     | 15     | 25    | Mót 1 | 16     | 28    |
| Mót 2     | 15     | 25    | Mót 2 | 13     | 21    |
| Mót 3     | 15     | 25    | Mót 3 | 15     | 24    |
| Mót 4     | Aflýst |       | Mót 4 | Aflýst |       |
| Mót 5     | Aflýst |       | Mót 5 | Aflýst |       |

| 6 flokkur |        |       |       |        |       |
|-----------|--------|-------|-------|--------|-------|
| KK        |        |       | KVK   |        |       |
| Eldri     |        | Yngri | Eldri |        | Yngri |
| Félög     | lið    | Félög | lið   | Félög  | lið   |
| Mót 1     | 13     | 33    | Mót 1 | 17     | 36    |
| Mót 2     | 18     | 34    | Mót 2 |        |       |
| Mót 3     | 17     | 39    | Mót 3 | 16     | 37    |
| Mót 4     | Aflýst |       | Mót 4 | Aflýst |       |
| Mót 5     | Aflýst |       | Mót 5 | Aflýst |       |

| 7 flokkur |        |       | 8 flokkur |        |     |
|-----------|--------|-------|-----------|--------|-----|
| KK        |        | KVK   | KK        |        | KVK |
| Félög     | lið    | Félög | lið       | Félög  | lið |
| Mót 1     | 13     | 80    | Mót 1     | 12     | 51  |
| Mót 2     | 16     | 97    | Mót 2     | 12     | 54  |
| Mót 3     | 15     | 82    | Mót 3     | 12     | 63  |
| Mót 4     | Aflýst |       | Mót 4     | Aflýst |     |



## Sektir

Hér má sjá yfirlit yfir sektir á tímabilinu. Þetta yfirlit er fyrir bæði meistaraflokka og yngri flokka.

| Ástæða (fjöldi atvika)                     | Upphæð         |
|--|----------------|
| Lið dregið úr keppni (2)                   | 100.000        |
| Ólöglegur leikmaður (2)                    | 50.000         |
| Leikskýrsla og/eða tölfræði berst ekki (9) | 165.000        |
| Umgjörð leiks (3)                          | 265.000        |
| Lið mætti ekki til leiks (1)               | 250.000        |
| <i>Samtals</i>                             | <i>830.000</i> |

## Breytingar á mótahaldi vegna Covid19

Eftir að Covid19 kom upp á Íslandi fékk starfsmaður mótanefndar gríðarlegt magn fyrirspurna frá félögum varðandi frestanir og niðurfellingu einstakra leikja og móta. Allar breytingar sem gerðar voru bæði á mótum yngri flokka og meistaraflokka vegna þessa voru á höndum stjórnar HSÍ.

Þann 6.apríl 2020 ákvað stjórn HSÍ svo að aflýsa öllu mótahaldi í samræmi við fyrirmæli ÍSÍ og Almannaþingis. Í maí var svo óskað eftir umsóknum frá félögum um að halda sumarmót í 4.-8.flokki og úthlutaði mótanefnd eftirfarandi mótum:

### **Helgin 29.-31. maí**

7.-8. Flokkur                      Selfoss

### **Helgin 5.-7. júní**

5.flokkur kvenna eldri      FH  
6.flokkur kvenna eldri      Víkingur  
6.flokkur kvenna yngri      Gróttá  
5.flokkur karla eldri        Afturelding  
6.flokkur karla eldri        Fram

### **Helgin 12.-14. júní**

5.flokkur kvenna yngri      HK  
5.flokkur karla yngri        Stjarnan  
6.flokkur karla yngri        Fjölnir

KA mun halda mót í 4.flokki síðar í júní.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

# 63. ÁRSPING HSI



## Ársreikningur 2019 Þingskjal 2

63. ársþing HSI  
Laugardalshöll  
Miðvikudagur 10. júní 2020

# Handknattleikssamband Íslands

---

Ársreikningur

---

## 2019

### Efnisyfirlit

|   |       |
|---|-------|
| Gerð ársreiknings og áritun skoðunarmanna | 2     |
| Skýrsla stjórnar                          | 3     |
| Rekstrarreikningur                        | 4     |
| Efnahagsreikningur                        | 5     |
| Yfirlit um sjóðstreymi                    | 6     |
| Skýringar                                 | 7-9   |
| Sundurliðanir                             | 10-14 |

---



## Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

---

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2019 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sambandið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirætlum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjórn eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 1. apríl 2020

**Fjárstoð ehf.**

## Aritun skoðunarmanna

---

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning 2019 sem áritaður er af Fjárstoð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 1. apríl 2020

  
Magnús Gunnar Erlendsson

  
Theódór Ingi Pálmaðson

## Skýrsla stjórnar

---

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Stöðugildi á skrifstofu HSÍ voru 6,0 í árslok 2019 en voru 5,5 í byrjun árs 2019.

Ársreikningur HSÍ fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður HSÍ á árinu 2019 nam kr. 11.204.064. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins kr. 23.927.471, skuldir eru kr. 49.792.037 og er bókfært eigið fé í árslok neikvætt um kr. 25.864.566.


Að álitni stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri HSÍ staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 1. apríl 2020

Í stjórn

  
Magnús Karl Daniélsson

  
Gunnar Guðjónsson

Arnar Þorhjelsson

Kristín Þórhildis  
Framkvæmdastjóri

Jón Víðir Stefánsson.

Till þórnissu

Reynir Slefnir

Robert Geir Gíslason

## Rekstrarreikningur ársins 2019

|  | Skýr. | 2019                 | 2018                 |
|--|-------|----------------------|----------------------|
| Styrkir ÍSÍ og Lottó .....               |       | 98.599.869           | 83.593.417           |
| Aðrir styrkaraðilar .....                |       | 92.869.744           | 93.964.563           |
| Tekjur af landsleikjum .....             |       | 19.337.344           | 28.129.666           |
| Íslandsmót .....                         |       | 20.536.000           | 20.946.514           |
| Aðrar tekjur .....                       |       | 59.448.410           | 48.223.031           |
|  |       | <u>290.791.367</u>   | <u>274.857.191</u>   |
| Kostnaður landsliða .....                |       | (134.658.651)        | (129.661.992)        |
| Laun og launatengd gjöld .....           | 3     | (64.337.043)         | (61.094.967)         |
| Verktakagreiðslur .....                  |       | (34.326.640)         | (33.632.429)         |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..... |       | (10.733.360)         | (8.672.470)          |
| Annar rekstrarkostnaður .....            |       | (12.031.258)         | (8.619.414)          |
| Mótakostnaður .....                      |       | (22.597.286)         | (23.465.170)         |
|  |       | <u>(278.684.238)</u> | <u>(265.146.442)</u> |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                  |       | 12.107.129           | 9.710.749            |
| Fjármunatekjur .....                     |       | 105.079              | 185.951              |
| Fjármagnsgjöld .....                     |       | (1.319.224)          | (2.117.864)          |
| Gengismunur .....                        |       | 311.080              | (281.728)            |
|  | 4     | <u>(903.065)</u>     | <u>(2.213.641)</u>   |
| <b>Hagnaður ársins</b>                   |       | <u>11.204.064</u>    | <u>7.497.108</u>     |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir                             | Skýr. | 31.12.2019          | 31.12.2018          |
|------------------------------------|-------|---------------------|---------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>              |       |                     |                     |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ..... | 5     | 522.892             | 1.977.271           |
|                                    |       | <u>522.892</u>      | <u>1.977.271</u>    |
| <b>Veltufjármunir</b>              |       |                     |                     |
| Vörubirgðir .....                  |       | 776.750             | 0                   |
| Viðskiptakröfur .....              | 6     | 14.058.669          | 14.598.404          |
| Aðrar skammtímaskröfur .....       | 6     | 7.908.385           | 6.639.806           |
| Handbært fé .....                  | 6     | 660.775             | 630.321             |
|                                    |       | <u>23.404.579</u>   | <u>21.868.531</u>   |
| <b>Eignir</b>                      |       | <u>23.927.471</u>   | <u>23.845.802</u>   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>         |       |                     |                     |
| <b>Eigið fé</b>                    |       |                     |                     |
| Ójafnað tap .....                  | 7     | (25.864.566)        | (33.913.644)        |
| Eigið fé, (neikvætt)               |       | <u>(25.864.566)</u> | <u>(33.913.644)</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>            |       |                     |                     |
| Viðskiptaskuldir .....             | 8     | 15.909.725          | 29.563.515          |
| Skuldir við lánastofnanir .....    |       | 12.473.063          | 12.734.537          |
| Aðrar skammtímaskuldir .....       | 8     | 21.409.249          | 15.461.394          |
| Skuldir                            |       | <u>49.792.037</u>   | <u>57.759.446</u>   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>         |       | <u>23.927.471</u>   | <u>23.845.802</u>   |

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

|   | Skýr. | 2019              | 2018              |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                           |       |                   |                   |
| Rekstrarhagnaður .....                              |       | 12.107.129        | 9.710.749         |
| Afskriftir .....                                    |       | 1.454.379         | 1.825.828         |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>       |       | <b>13.561.508</b> | <b>11.536.577</b> |
| Vörubirgðir, (hækkun) .....                         |       | (776.750)         | 0                 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....        |       | (728.844)         | (6.423.050)       |
| Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....             |       | (10.860.921)      | (610.580)         |
| <b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>   |       | <b>1.194.993</b>  | <b>4.502.947</b>  |
| Innborgaðir vextir .....                            |       | 105.079           | 185.951           |
| Greiddir vextir .....                               |       | (1.008.144)       | (2.399.592)       |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                      |       | <b>291.928</b>    | <b>2.289.306</b>  |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                       |       |                   |                   |
| Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir ..... |       | (261.474)         | (1.717.316)       |
|   |       | (261.474)         | (1.717.316)       |
| Hækkun handbærs fjár .....                          |       | 30.454            | 571.990           |
| Handbært fé í upphafi árs .....                     |       | 630.321           | 58.331            |
| Handbært fé í lok árs .....                         |       | 660.775           | 630.321           |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                            |       |                   |                   |
| Veltufé frá rekstri .....                           |       | 12.658.443        | 9.322.936         |

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti afhættu og ávinnings af eignarhaldi flýst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sjúnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

HSÍ er ekki tekjuskattskylt en félagið greiðir virðisaukaskatt af veltu sem fellur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundruðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluadegi.

## Skýringar

### 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

|                                  | 2019              | 2018              |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun .....                       | 48.783.647        | 46.533.198        |
| Lífeyrissjóður .....             | 6.434.237         | 5.920.714         |
| Önnur launatengd gjöld .....     | 4.628.731         | 4.531.829         |
| Annar starfsmannakostnaður ..... | 4.490.428         | 4.109.226         |
|                                  | <u>64.337.043</u> | <u>61.094.967</u> |
| Stöðugildi að meðaltali .....    | 6                 | 5,5               |

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig:                        | 2019               | 2018               |
|--|--------------------|--------------------|
| Vaxtatekjur af bankareikningum .....                   | 105.079            | 185.951            |
|  | <u>105.079</u>     | <u>185.951</u>     |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig:                        |                    |                    |
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir ..... | (948.769)          | (1.194.903)        |
| Fjármagnstekjuskattur .....                            | (23.045)           | (39.101)           |
| Dráttarvaxtagjöld .....                                | (347.410)          | (883.860)          |
|  | <u>(1.319.224)</u> | <u>(2.117.864)</u> |
| Gengismunur .....                                      | 311.080            | (281.728)          |
|  | <u>311.080</u>     | <u>(281.728)</u>   |
|  | <u>(903.065)</u>   | <u>(2.213.641)</u> |

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

|                                | Áhöld<br>vélar og teki | Samtals           |
|--------------------------------|------------------------|-------------------|
| <b>Kostnaðarverð</b>           |                        |                   |
| Staða í ársbyrjun .....        | 10.444.577             | 10.444.577        |
| Staða í árslok .....           | <u>10.444.577</u>      | <u>10.444.577</u> |
| <b>Afskriftir</b>              |                        |                   |
| Staða í ársbyrjun .....        | 8.467.306              | 8.467.306         |
| Afskrift ársins .....          | 1.454.379              | 1.454.379         |
| Staða í árslok .....           | <u>9.921.685</u>       | <u>9.921.685</u>  |
Á nokkrum stöðum í lögum HSI er fjallað um gjaldkera HSI en fyrir nokkru var því orði breytt í 14. grein úr gjaldkera í meðstjórnanda. Hér er um að ræða þann aðila í stjórn sem heldur utan um fjármálatengd málefni HSI fyrir hönd stjórnar og til að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna er lagt til að orðið gjaldkeri fellt inn í skipan stjórnar með þessum hætti sem lagt er til.



## Þingskjal nr: 7

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

### 17. gr. Starfssvið stjórnar HSÍ

Starfssvið stjórnar HSÍ er:

- a. að sjá til þess að ákvörðunum og ályktunum handknattleiksþings sé framfylgt og að lög og reglugerðir HSÍ séu haldnar
- b. að setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um handknattleik á Íslandi í samræmi við lög þessi
- c. að bera ábyrgð á fjármálum HSÍ
- d. að ráða framkvæmdastjóra til starfa samkvæmt starfslýsingu
- e. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- f. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um handknattleiksmál, sem lög þessi og/eða reglugerðir HSÍ ná ekki yfir
- g. að annast útgáfu á lögum þessum og reglugerðum fyrir handknattleik, sem jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur
- h. að ráða landsliðsþjálfara til starfa
- i. að semja um og taka ákvörðun um þátttöku íslenskra landsliða í keppnum erlendis og koma fram erlendis fyrir hönd íslensks handknattleiks
- j. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga
- k. að tilnefna menn til starfa á vegum alþjóðasamtaka m.a. eftir tilnefningu fastanefnda
- l. að skipa menn í nefndir HSÍ
- m. að velja handknattleiksmenn ársins
- n. að skipuleggja daglegan rekstur sambandsins
- o. að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur
- p. að hafa yfirstjórn með landsmótum
- q. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldin eru hérlendis
- r. að vinna að fjáröflun til að standa undir kostnaði af rekstri sambandsins
- s. að skipa uppstillingarnefnd ~~eigi síðar en 2 mánuðum~~ fyrir ársþing HSÍ sé þess þörf
- t. að standa fyrir formannafundum

...

Stjórn HSÍ og framkvæmdastjóri hefur rétt til að sitja aðalfundi sérráða, HDSÍ og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

### Greinargerð

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að uppstillingarnefnd sé skipuð á hverju ári 2 mánuðum fyrir ársþing. Uppstillingarnefnd hefur það hlutverk safna framboðum ef næg framboð hafa ekki skilað sér fyrir framboðsfrests ársþings. Í því ljósi hefur uppstillingarnefnd heimild skv. 15. gr. laga HSÍ til að samþykkja síðarkomin framboð. Augljóst er að enginn tilgangur er að skipa





uppstillingarnefnd ef framboð eru næg og það liggur ekki fyrir fyrr en 3 vikum fyrir ársþing. Því er það tillagan að lögunum verði breytt með þeim hætti að þessi nefnd verði aðeins skipuð sé þess þörf.

Þessu til viðbótar hefur stjórn haft heimild skv. þessari grein til að sitja fundi ýmsa aðila að HSÍ. Lagt er til að framkvæmdastjóri fái sömu heimild enda eðlilegra í framkvæmd.



## Þingskjal nr: 8

Tillaga um lög HSÍ  
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

### IX. kafli Mótafyrirkomulag

#### 51. gr. Handknattleiksmót

##### A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegaramannum úr umspili liðanna í 2.-5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.

### IX. kafli Mótafyrirkomulag

#### 51. gr. Handknattleiksmót

##### 24. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna:



- ~~j. — 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.~~
- ~~k. — 11-14 lið, ein deild, 2 umferðir~~
- ~~l. — 15-26 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.~~
  - ~~a. — 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.~~
  - ~~b. — 16 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.~~
  - ~~c. — 17 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.~~
  - ~~d. — 18 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.~~
  - ~~e. — 19 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.~~
  - ~~f. — 20 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir~~
  - ~~g. — 21 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.~~
  - ~~h. — 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.~~
  - ~~i. — 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.~~
  - ~~j. — 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.~~
  - ~~k. — 25 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 13 í 1. deild 2 umferðir.~~
  - ~~l. — 26 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 14 í 1. deild 2 umferðir.~~
- ~~m. — 27 lið eða fleiri, þrjár deildir, 12 liða úrvalsdeild 2 umferðir og 8 liða 1. deild 3 umferðir.~~  
~~Önnur lið spila í 2. deild og skal stjórn HSÍ setja henni nánari reglur.~~

~~Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.~~

~~Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.~~

~~Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur 1. deild er deildarmeistari 1. deildar.~~

~~Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. 5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.~~

~~Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2. 4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.~~

## **Greinargerð**

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 51. grein laganna og er breytingunum skipt niður á fjögur þingskjöl.

Í núgildandi lögum er í 51. gr. nákvæmlega útlistað hvernig deildaskipting skal vera í meistaraflokkum. Jafnframt eru reglur þar um hvernig skal fara með ef breyting er á milli ára í fjölda liða þar sem meginreglan var að fjölgun eða fækkun og þá hvenær slíkar breytingar taka gildi. Jafnframt er í þessari grein reglur um umspil og úrslitakeppnir og fleira þessu tengdu.



Eftir samtal við félögin á formannafundum og þegar litið er til reynslu sambandsins af þessum reglum þá er ljóst að erfitt er að festa niður og setja reglur sem eiga við fyrir hvern fjölda liða. Togast þar á sjónarmið um sterka og öfluga úrvalsdeild, tækifæri liða til þátttöku, eðlilega skiptum á milli deilda og fjölda leikja osfrv.

Í þeirri tillögu sem hér er lögð fram er dregið úr því að binda deilda- og umferðaskiptinguna í lög. Dregnar eru fram tilteknar grunnreglur til að hafa í lögum en aðrar settar í hendur stjórnar HSÍ, með atbeina mótanefndar, á hverjum tíma og með þeim hætti tryggt að hægt sé að bregðast aðstæðum á hverjum tíma. Þess skal þó getið strax að ef stjórn HSÍ ákveður að breyta fjölda í úrvalsdeild tekur slík ákvörðun almennt ekki gildi fyrr en ári síðar og skal þá fyrst borin undir ársþing í millitíðinni.

Þessu til viðbótar er verið að taka umferðarröðun úr lögum HSÍ og setja það í hendur stjórnar HSÍ að ákveða aðferðir við drátt í leikjaumferðir. Er þetta gert til að gefa mótanefnd aukið færi á því að vera með mismunandi reglur við töfludrátt til að ná sem flestum „tvennum“ og hagræða fyrir félögin sem mest til að draga úr kostnaði.

Að lokum eru óbreyttar reglur um færslu liða milli úrvalsdeilda og 1. deilda en lagt í hendur stjórnar HSÍ að búa til reglur um færslu liða milli 1. deildar og 2. deildar þegar slíkt á við.

Að öðru leyti er vísað til tillögunnar sjálfar



## Þingskjal nr: 9

Tillaga um lög HSÍ  
Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

### 51. gr. Handknattleiksmót

...

#### Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

##### a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

##### k. — 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

#### **Greinargerð**

Til að auka gæði og lengja úrslitakeppni úrvalsdeildar, líkt og hefur verið í meistaraflokki kvenna undanfarin ár, þá er það tillaga stjórnar HSÍ að leikin verði 6 liða úrslitakeppni þar sem efstu tvö liðin sitja hjá í fyrstu umferð úrslitakeppinnar og lið í þriðja til sjötta sæti leiki sín á milli um það að komast í undanúrslit gegn efstu tveimur liðunum.



**63. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll  
10. júní 2020**

**Þingskjal nr: 10**

**Tillaga um lög HSÍ**

**Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ**

**51. gr. Handknattleiksmót**

...

Fjölgun í úrvalsdeild

~~Áður en fjölgun í úrvalsdeild tekur gildi fyrir 10 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 18 lið hafa verið skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 18 lið verði áfram það keppnistímabil. Fyrir 12 liða úrvalsdeild skulu a.m.k. 20 lið vera skráð til keppni í eitt ár og a.m.k. 20 lið verði áfram það keppnistímabil.~~

a) Ef fjölga þarf á úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils 1. deildar
2. Liðið í 7. sæti úrvalsdeildar,
3. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

b) Ef fjölga þarf á úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils,
2. Liðið í 9. sæti úrvalsdeildar,
3. Efsta lið 1. deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

c) Ef fjölga þarf á úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð.

1. Lið sem tapar úrslitum umspils
2. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar
3. Liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.
4. .

**Greinargerð**

Í þessum lið 51. gr. núgildandi laga var vísað til þess að 1 árs frestur væri á fjölgun og fækkun í úrvalsdeild. Þessi regla er nú komin í hendur stjórnar HSÍ með lagabreytingu á þingskjali nr. 8 og því þurfa þessar setningar að fara úr lögunum.



63. ársþing HSI haldið í Laugardalshöll  
10. júní 2020

**Þingskjal nr: 11**

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

**51. gr. Handknattleiksmót**

...

G. Almenn ákvæði

Við deildarskiptingu skal miða við þau lið sem hafa tilkynnt með fullnægjandi hætti þátttöku til skrifstofu HSI innan tilskilins frests skv. reglugerð HSI um handknattleiksmót.

Félögum er heimilt að senda til keppni í meistaraflokki ungmennalið svo framarlega sem þau leika ekki í sömu deild. Ungmennalið hjá félagi getur aldrei unnið sér inn keppnisrétt í úrvalsdeild og skal ekki vera með forgang við skipun í deildir gagnvart aðalliðum annarra félaga.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSI um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

**Greinargerð**

Í vetur, m.a. á formannafundi félaga í maí, hefur verið rætt um að auka vægi venslafélaga til að freista þess að fjölga félögum í sambandinu. Í því skyni er lagt til að aðallið félaga njóti forgangs á ungmennalið félaga við skipun í deildir. Þetta myndi hafa þau áhrif að félög með eitt lið heldur sæti sínu í 1. deild á kostnað ungmennaliðs sem er í neðsta sæti í deildarkeppni eða ætti öðrum kosti að vinna sér inn rétt í 1. deild úr 2. deild. Þetta tryggir jafnframt að í 1. deildinni verður að öllum líkindum fullskipuð umspilskeppni þar sem næg aðallið verða þá í 1. deild til að taka þátt en slíkt hefur ekki verið í meistaraflokki karla síðustu ár.



## Þingskjal nr: 12

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

### 53. gr. Félagaskipti

...

Félög, sem gera með sér sérstakt samkomulag um samnýtingu leikmanna, venslasamning, hafa heimild til að hafa félagaskipti sín á milli á tímabilinu 1. júní til 1. mars ár hvert. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er 15-10 dagar og fær leikmaður keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 2-dögumdegi eftir tilkynning er sannanlega móttækin af HSÍ, nýti félag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns.

Undanþágur þessar um heimildir leikmanna til að leika með fleiri en einu liði, á grundvelli venslasamnings félaga, eru settar í þeim tilgangi að auka leiktíma yngri leikmanna almennt. Verði félag uppvíst um misnotkun á reglum þessum er stjórn HSÍ heimilt að sekta viðkomandi félag og/eða afturkalla undanþágur og heimildir félags skv. þessum reglum.

### Greinargerð

Í samræmi við samþykkt formannafundar í maí sl. þá er verið að leggja til að rýmka reglur um venslafélög og gera félögum auðveldara fyrir að færa leikmenn á milli aðalfélags og venslafélags. Með þeim hætti er grunnurinn að fámennari félögum styrktur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að reglugerð um félagaskipti verði breytt þannig að aðalfélag og venslafélag geti verið í sömu deild, þó ekki í úrvalsdeild.

Hér er um að ræða undanþágureglur að ræða í þeim tilgangi að auka leiktíma yngri leikmanna og leikmanna sem fá lítinn spilatíma hjá sínu aðalfélagi. Mikilvægt er að ekki sé reynt að fara á svig við þennan tilgang og því er í þessum lagabreytingum lagt til að stjórn HSÍ hafi heimild til viðurlaga séu ákvæði laga og reglugerðarinnar brotin.





## Þingskjal nr: 13

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

### 57. gr. Önnur atvik

Stjórn HSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi handknattleik innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir HSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Í algerum undantekningartilfellum, svo sem ef ytri aðstæður og/eða fyrirmæli stjórnvalda hindra framkvæmd leikja, er stjórn HSÍ heimilt að gera breytingar á mótafyrirkomulagi skv. lögum þessum með setningu nýrra reglna, reglugerða eða ákvarðana.

Þessi heimild nær til fækkun leikja, niðurfellingu leikja, breytingu eða niðurfellingu á úrslitakeppnum eða umspili eða ákvörðunar um niðurstöðu keppna án leikja. Slíkar breytingar skulu aðeins gilda fyrir yfirstandandi keppnistímabil hvert sinn.

Við brot á ákvæðum laga þessara hefur stjórn HSÍ heimild til að beita viðkomandi viðurlögum sem getið er um lögum þessum og reglugerðum sambandsins verði þeim ekki skotið til aganefndar eða dómstóls HSÍ.

### Greinargerð

Í fyrsta skipti í sögu HSÍ reyndi á 57. gr. núgildandi laga HSÍ þegar stjórn HSÍ varð að grípa til ákvarðana þar sem meiriháttar utanaðkomandi atburðir kröfðust þess sbr. COVID málefni. Þó greinin sé traust hvað þetta varðar þá er það tillaga stjórnar að settar séu inn nýjar málsgreinar henni til stuðnings og skýringar sem veita þá stjórn heimild og aðhald í sambærilegum ákvörðunum ef slíkt kemur upp aftur.



63. ársþing HSÍ haldið í Laugardalshöll  
10. júní 2020

## Þingskjal nr: 14

Tillaga um afreksstefnu HSÍ  
Flutningsaðili: Stjórn HSÍ

### Afreksstefna HSÍ

#### Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélag
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnsmál og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

#### Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við



framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefnan er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.

Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum. Stefnt er að því að kynna aðgerðaráætlun á formannafundi veturinn 2020-2021 og leggja hana til samþykktar sem viðauka við afreksstefnu á ársþingi 2021.

## **Almenn þátttaka**

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum um 20% fyrir 2024 og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldin fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

## **Dómarar**

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá



HSÍ og félögunum. Félögin geta pantað dómara námskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómaraþör í fremstu röð á alþjóðavísu í mörg ár og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

HSÍ á tvö alþjóðleg dómaraþör og auk þess hafa tvö yngri þör verið í þjálfun hjá EHF, stefna HSÍ er að eiga þrjú alþjóðlega dómaraþör hverju sinni og verður því markmiði að öllum líkindum náð 2021. Alþjóðadómaraþörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómara nefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.

### **Fræðslumál þjálfara**

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglunga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF Mastercoach

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknaðar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

### **Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun**



Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

### **Yngri landslið**

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglíngalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

*U-14/15 ára landslið*, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

*U-16/17 ára landslið*, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

*U-18/19 ára landslið*, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

*U-20/21 ára landslið*, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi þar fyrir 2024.

### **A & B landslið**

*A-landslið*, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.



Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtímamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

*B-landslið* æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

### **Þjálfarar landsliða**

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa MasterCoach gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfilíkarir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

*Yfirþjálfari yngri landsliða* stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

*Markmannsþjálfari* fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

*Styrkþjálfari* sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

*Leikgreiningar* eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðsþjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

### **Fagteymi**

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna



auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmiskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

*Sjúkraþjálfarar* fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

*Sjúkranuddari* ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

*Læknar* ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

*Næringarfræðingur* er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

*Andleg þjálfun*, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmiskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

*Mælingar* í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.

## **Aðstaða**

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjódarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félagin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera



sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framgangi landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttá-

hreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

## Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpsþess. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Frá 2020 er reiknað með því að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða á keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur. Í framhaldi af því verður svo hægt að skoða frekari þátttöku HSÍ í kostnaði á þátttöku yngri landsliða erlendis.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

## Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afreksstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.





# Minnisblað

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

